# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 7


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Rnf. 20/9 '08

By. 4

Hjermeð leyfi jeg mjer að bjóða hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur forkaupsrjett að 500 □ álnum af austurparti af lóð minni, svonefndum „Nýjabæjarbletti" er jeg ætla að selja Árna Árnasyni á Lindargötu No 26 fyrir 75 aura feralinina. Lóðarblettur þessi verður norðan-megin við fyrirhugaða Vindheimsgötu, og á að verða byggingarlóð og mun jeg að sjálfsögðu borga í bæjarsjóð hið ákveðna gjald fyrir breytinguna.

Virðingarfyllst
Karitas Tómasdóttir

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur.

B. Rvk. 113/1908 By. IV.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirrituð leyfi mjer hjermeð að bjóða hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur forkaupsrjett að 200, feralnum úr erfðafestulóð minni svokölluðum „Nýja-bæjarbletti", sem ég ætla að selja herra Árna Árnasyni Lindargötu № 26 fyrir 75 aura feralinina.—

Jeg vil jafnframt geta þess að lóðarblettur þessi er ætlaður til byggingar og mun jeg borga þann 1/5 af söluverðinu fyrir breytingu á lóðinni í byggingarlóð.

Virðingarfyllst
Reykjavík, 16. September 1908.
Karitas Tómasdóttir

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð beiðist jeg leyfis hinnar háttvirtu byggingarnefndar að mega byggja grunnlausan bráðabirgðaskúr, 5 x 6 álnir að stærð, $3\frac{1}{2}$ ál. á hæð, á lóð Sveins bæjarfulltrúa Jónssonar við Laugaveg 108. Ætlast er til að skúrinn standi að eins til vors.—

B. Rvk. 110/1908
By. IV

Reykjavík 25. sept. 1908.

Jón [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 24 Sept. 1908

Með því að jeg hefi ákveðið að byggja íbúðarhús við Óðinsgötu, á lóð þeirri er jeg samkvæmt afsalsbrjefi dags. 15. júnímánaðar þ. á. hefi keypt af Matthíasi Matthíassyni kaupmanni, að stærð eins og meðfylgjandi uppdráttur ber með sjer, þá leyfi jeg mjer að senda hinni háttvirtu
1/. bygginganefnd hjermeð uppdrátt í tvennu lagi, af hinni nýju byggingu ásamt lóðinni; og beiðast þess, að mjer verði veitt leyfi til, að byggja hús þetta, samkvæmt uppdrættinum. Jeg óska mjer endursendan annan uppdráttinn með áteiknun bygginganefndarinnar um byggingarleyfið.

Virðingarfyllst
Gunnar Gunnarsson
Trjesmiður

B. Rvk. 109/1908 By. IV

Til
Bygginganefndarinnar
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer fyrir mína hönd og sameignarmanns míns að erfðafestulandinu Fjelagstún, fyrir austan Rauðará, Halldórs bankagjaldkera Jónssonar, að tilkynna hæstvirtri bæjarstjórn, að við höfum í hyggju að selja hr. Brillouin, frakkneska vísikonsúlnum hjer í bænum, sem forstjóra frakkneska spítalafjelagsins í Dunkerque og fyrir hönd þess, lóðarspildu neðantil í nefndu erfðafestulandi okkar, að stærð 12000 □ álnir fyrir 10000 franka. Lóðin verður útmæld svo, að norðurkantur hennar, 90 álnir á lengd, verður 45 álnir frá stórstraumsflæðarmáli og frá honum verður lóðin mæld uppeptir sem rjetthyrndur (aflangur) ferhyrningur. Það er svo umsamið, að kaupandi, sem ætlar að nota lóðina til að byggja á henni hús handa konsúl Frakka hjer í bænum og til garðstæðis m. m., fái einnig full umráð yfir svæðinu niður að sjónum ókeypis, en með þeirri takmörkun að bænum er áskilinn eða geymdur rjettur allur til að leggja veg (akfæran veg) með sjónum á því svæði og byggja þar skipaklöppu við sjóinn, ef þess þykir þörf. Einnig er ákveðið að kaupandi hafi rjett til að leggja veg frá hinni seldu lóð uppá Laugaveg og leggjum við eigendur land til undir veginn.

Við leyfum okkur nú að fara fram á það við hina hæstvirtu bæjarstjórn, að hún segi til, hvort hún vill nota forkaupsrjett sinn að ~~hinni þannig~~ nefndri lóðarspildu og að hún veiti samþykki til að lóðinni verði breytt í byggingarlóð á þann hátt er að ofan segir. Við leyfum okkur einnig að fara fram á að byggingarnefndinni verði falið að samþykkja ~~það~~ af bæjarins hálfu, hvar hinn fyrirhugaði vegur frá lóðinni uppá Laugaveg eigi að liggja, til þess að hann á sínum tíma geti komist í tölu gatna bæjarins.

B. Rvk. 112/1900 By. IV

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ad endingu leyfum við oss ad beidast þess, eptir ósk Brillouin konsúls, sem er áhugamál ad geta sem fyrst látid byrja á undirbúningi byggingar á hinu selda svædi, ad svar bæjarstjórnarinnar verdi látid í tje svo fljótt sem unnt er, og vonumst við þess, ad byggingarnefndin, sem við sendum þetta erindi, taki þad þó fyrir, til undirbúnings bæjarstjórnarmedferd, á fyrsta fundi sínum.

Reykjavík 26. september 1908.

Í nafni mín og Halldórs Jónssonar
Jón Jensson

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 27. sept. 1908.

Hjermeð sæki jeg, fyrir hönd Skúla Thoroddsen, um leyfi hinnar heiðruðu byggingarnefndar að mega reisa salerni 2 × 4½ al. að stærð, 3½ al. á hæð, á lóð hans við Vonarstræti.

Sig. Thoroddsen.

B. Rok. $\frac{111}{1908}$ By. IX

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík þ. 26 sept. '08.

Eg undirritaður leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar að hún mæli mjer út hússtæði á lóð minni við Sellandsveg eftir meðfylgjandi uppdrætti.

Ingimundur Pjetursson.

Til byggingarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

B. Rvk. 108/Tafl By. 108.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer virðingarfilst að biðja hina hittvirtu Bigginganefnd Reykjavíkur bæjar svo velgjöra og veita mjer leifi til að skakka skúr þann sem er við suðurhlið á íbúðar bæ mínum þannig að hann verði með allri hlið bæjarins eins og með filgjandi uppdrætti sínir og það hann að hagt sje að setja í íbúðar herbergi í sama veginn. þetta óska jeg að fái afgert hið allra firsta

með virðingu

Reykjavík 24 september 1908

Guðrún Jónsdóttir ekkja

B. Rvk. $\frac{107}{1908}$ By. IV

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir upplýsingum frá formanni byggingarnefndarinnar, og nánari athugun á byggingarsamþyktinni, hefi jeg orðið þess var að suðurhluti af geimsluhúsi mínu við „Kárastaði", sem jeg hefi sótt um leyfi til að fá breitt til íbúðar og samþykkt var á fundi byggingarnefndarinnar þann 19 þ.m., er að þessu leiti ábóta vant.

1- Utan á húsinu eru eigi listar undir járninu en ágætur pappi „Viking" þjett negldur í alla karma - og stopp milli þilja - sem eigi er áskilið í byggingarsamþyktinni.

2- Loftbitar eru grennri en tiltekið er í samþyktinni en jeg vil bæta úr því þannig; að setja fleiri bita og dregaraskylrúm svo það hafi sama burðarafl og ákveðið er eftir samþyktinni, sömuleiðis setja milliloft - pappa - og stopp milli lofta.

3- Í íbúðarherberginu niðri er 2" lægra undirloft en samþ. ákveður, en að öllu öðru leiti er það eftir samþyktinni.

Jeg hefi hjer lýst öllum þeim annmörkum, sem á eru og þar sem jeg get bætt úr þeim öllum, nema aðeins því, að sje 2" lægra undirloft í þessu eina herbergi, þá vonast jeg til að hin háttvirta byggingarnefnd synji mjer eigi um að taka nefnt pláss til íbúðar.

á Kárastöðum Reykjavík 25/9. '08

Virðingarfyllst

Jónas H. Jónsson

Til

formanns byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 106/1908 Bý IV

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur